

Safnaðarblað Akraneskirku

Mars 2003 - 1. tbl. 4. árg.



Kæri lesandi

Safnaðarblað Akraneskkirkju er nú gefið út í fjórða sinn. Tilgangurinn með útgáfu þess er að kynna hið mikla starf sem unnið er í söfnuðinum. Hér er þó einungis um sýnishorn að ræða því vissulega er ekki hægt að gera öllu starfi fullnægjandi skil í einu blaði.

Margir koma við sögu á vettvangi Akraneskkirkju árlega. Á síðasta ári sóttu 26 þúsund manns athafnir í kirkjunni, svo að dæmi sé tekið, og svipaður fjöldi kom í safnaðarheimilið. Flestir sækja útfarir – sé litið til einstakra athafna – en næstflestir hefðbundið helgihald á sunnudögum og stórhátíðum.

Það er útbreiddur misskilningur hjá þeim sem sjaldan koma til kirkju að helgihald sé ekki mikið sótt. Að jarðarförum frátöldum er ljóst að þúsundir manna sækja árlega helgihald í Akraneskkirkju. Marga sunnudaga og aðra helgidaga er fullt út úr dyrum, svo sem á jólum og áramótum – og páskum, í poppmessum og 6 fermingarathöfnum á vorin, í fjölskylduguðsþjónustum sem eru einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og í mörgum barnaguðsþjónustum á laugardögum, að ógleymdum guðsþjónustum á uppstigningardag (degi aldraðra), sjómanna dag, degi hjónabandsins í október – o.s.frv. Eru þá ónefndar ýmsar aðrar athafnir þegar eitthvað sérstakt er um að vera, svo sem fermingar barnaafmæli, ædruleysismessur og heimsóknir frá öðrum söfnuðum. Einnig eru guðsþjónustur á Dvalarheimilinu Höfða afar vel sóttar.

En safnaðarstarf felst þó ekki aðeins í helgihaldi. Alla daga er starfsfólk kirkjunnar að störfum við margvísleg verkefni. Í safnaðarheimilinu eru t.a.m. haldnir fyrirlestrar og námskeið, fjöldi tónleika og annarra menningarviðburða og samkomur fyrir eldri borgara – og fermingar börn sækja þangað kennslustundir. Fjöldi manns kemur á ári hverju í safnaðarheimilið til að tala við sóknarprest og starfsfólk kirkjunnar um ýmis mál. Akraneskkirkja rekur m.a. útfararþjónustu og kirkjugarðsvörður hefur aðsetur í safnaðarheimilinu.

Af framansögðu er ljóst að það er mikið um að vera í starfi Akranessafnaðar. Megi þetta blað, sem þú hefur nú í höndum, kæri lesandi, verða til þess að glæða áhuga þinn á því sem kirkjan er að gera – og verða þér hvatning til þess að taka þar virkan þátt og njóta þess sem kirkjan hefur fram að færa. Markmið kristninnar er að vekja fólk til lifandi trúar á Jesú Krist sem frelsara okkar og bróður. Biðjum Guð að leiða okkur áfram í því göfuga starfi sem hann hefur falið okkur. Hann kallar okkur öll til fylgdar við sig!

Heimsókn úr Bústaðakirkju

Akraneskkirkja og Bústaðakirkja eru „vinakirkjur“ eins og fram kom í síðasta safnaðarblaði. Það felur í sér að þær hafi samstarf á ýmsum sviðum safnaðarstarfs og miðli þekkingu og upplýsingum sín á milli sem gætu auðgað starf beggja safnaða.



Nú þegar hafa nokkrir hópar farið á milli og sameiginlegar guðsþjónustur verið haldnar. Síðast kom hingað hópur úr félagsstarfi eldri borgara í Bústaðakirkju á aðventunni. Var honum vel tekið. Fyrst var komið saman í kirkjunni en síðan tók við önnur dagskrá í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Gestur dagsins var Gísli Gíslason bæjarstjóri. Skemmti hann fólkinu með hljóðfæraleik og söng og skemmtilegum sögum – eins og honum er einum lagið. Sr. Pálmi Matthíasson sló líka á létta strengi í sinni ræðu.

Safnaðarblað Akraneskkirkju

1. tölublað 4. árg. Mars 2003.

Útgefandi: Akranessókn.

Umsjón: Eðvarð Ingólfsson (ábm),
Indriði Valdimarsson.

Prentun: Prentverk Akraness hf.

Gefið út í 2400 eintökum.

Sóknarnefnd:

Þjóðbjörn Hannesson, formaður.
Jóhannes Ingibjartsson, ritari. Bryndís
Bragadóttir, Brynja Einarssdóttir, Dagbjört
Friðriksdóttir, Hörður Pálsson, Ingimar
Magnússon, Magnús Oddsson, Svandís
Sturludóttir, Þóra Björk Kristinsdóttir.

Ljósmyndir af fermingar börnum:
Myndsmiðjan

Efnisyfirlit

Hugleiðing sóknarprests	3
Viðtal við Svein Arnar	
Sæmundsson	4
Biskup Íslands - vísitása	5
Ingibjörg Pálmadóttir - ræða .	6
Fjarnám á netinu	7
Einar Jón Ólafsson - ræða . . .	8
Góðir gestir í heimsókn	9
Hjónavígslur 2002	10
Fermingar börn safna	10
Skípt um turn	10
Myndir af fermingar börnum	
2002	11
Fermingar börn á Akranesi	
árið 2003 - nafnalisti	14
Fermingarnámskeið í Skálholti	
Félagsstarf eldri borgara	16



Þessar myndir voru teknar við þetta tækifæri – en á forsiðu safnaðarblaðsins getur að líta Gísli bæjarstjóra með gítarinn í hendi. Með sr. Pálma á mynd er Sigrún Sturludóttir sem hefur umsjón með félagsstarfi eldri borgara í Bústaðakirkju.

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

Sagan af týnda syninum

Við þekkjum flest, ef ekki öll, söguna af týnda syninum.

Jesús Kristur sagði lærisveinum sínum þá sögu til þess að þeir sæju sjálfa sig í henni og lærðu af henni. Þetta er saga um samskipti Guðs og manna, saga um kærleika Guðs og breyskleika mannsins.

Þið munið hvernig þetta var með týnda soninn. Hann vildi halda á vit veraldar og lifa lífinu – eins og það er kallað nú á dögum. Hann heimtaði föðurarfinn fyrirfram og fékk hann. Hann lifði hátt og sló mikið um sig – en áður en hann vissi af hafði hann eytt öllum peningunum. Hann varð, eins og sagt er á nútímamáli, gjaldþrota! Í þá daga voru engar bankastofnanir sem buðu upp á yfirdrátt eða skuldabréfalán. Enda hefði enginn banki viljað lána honum, eignalausum manningum!

Svo hart var í ári hjá týnda syninum að hann varð að gera sér að góðu að borða draf með svínunum. Eymdin var slík!

En fátt er svo með öllu illt að ei boði gott! Týndi sonurinn tók út mikinn þroska í þrengingunum. Hann sá hvernig hann hafði spilað öllu úr höndum sér og hann fylltist mikilli iðrun og eftirsjá. Og hvað gera menn þegar fokið er í flest skjól? Þeir leita að hlýjum faðmi og kærleika, þeir leita að einhverjum sem gott er að halla sér að.

Týndi sonurinn ákvað að snúa heim aftur, heim til föðurhúsa, þar


sem best var að vera þegar allt kom til alls. Heimurinn hafði einungis fært honum niðurlægingu og sorgir, eynd og volæði. Og þar átti hann sjálfur mikla sök! Heimurinn hafði líka kennt honum mikla lexíu.

En hvernig brást faðirinn við? Munið þið það úr sögunni? Jú, hann breiddi út faðminn og tók syni sínum fagnandi. Sonurinn, sem var týndur, var kominn heim aftur. Honum var fyrirgefið. Og það var slegið upp veislu.

Þetta er sagan sem Jesús sagði lærisveinum sínum. Þetta gæti verið saga af mér og þér! Öll erum við breysk, öll höfum við einhvern tíma tekið rangar ákvarðanir á lífsleiðinni – og öll höfum við einhvern tíma þurft á fyrirgefningu annarra að halda. Öll höfum við týnst, öll höfum við villst af leið og verið óörugg um stefnuna. Þá hefur verið gott að eiga þess kost að snúa til baka.

Slæm reynsla getur, þrátt fyrir allt, þroskað mann, ef maður vinnur rétt úr henni, hún getur gert mann að heilsteyptari og betri manneskju en áður – með aukið næmi á dýrmæti lífsins. Hægt er að nýta sér bitra reynslu, sjálfum sér og öðrum til góðs. Þannig snúum við líka böli í blessun og verðum þess umkomin að gefa af okkur, – að veita birtu og yl inn í myrka og kalda veröld.

Guð stendur við hlið þeim sem berjast við erfiðleika og gefur þeim



hugrekki og kraft. Hann gerir miklu meira en augu okkar nema. Þeir sem standa í mótvindinum mikla finna þennan styrk – og þess vegna eru þeir það sem þeir eru – þrátt fyrir allt!

Faðirinn í sögunni af týnda syninum er Guð. Jesús Kristur er að segja okkur hvernig Guð bregst við þeim sem fara villir vega, hvernig hann bregst við þeim sem iðrast gjörða sinna. Hann fyrirgefur. Kærleikur hans á sér engin takmörk. Hann gengur inn í aðstæður og mætir einstaklingnum á hans eigin forsendum.

Umhyggja Guðs fyrir okkur er einstök. Hún er óverðskulduð. Hann sér það besta í hverjum manni. Guð neyðir engan til fylgdar við sig. Okkar er valið.

Opnum huga okkar og hjarta fyrir Jesú Kristi og gerum hann að sönnnum leiðtoga lífs okkar. Þá mun okkur farnast vel og þá munum við ekki týna sjálfum okkur í fallvöltum heimi.

Guð gefi okkur hugrekki og styrk til að lifa lífinu í kærleika, von og trú.

Vel sóttar bænastundir

Ihádeginu á fimmtudögum er haldin bænastund í Akraneskirkju. Þetta er notaleg helgistund sem tekur aðeins 15 mínútur. Bedið er fyrir sjúkum og sorgmæddum, lesin ritningarorð og ljúfir orgeltónar heyrast. Allir, sem vilja, geta tendrað lítið kertaljós – um leið og þeir biðja í hljóði fyrir sér og sínum. Léttar veitingar eru í safnaðarheimilinu á eftir.

Bænastundirnar í vetur hafa verið vel sóttar. Allir eru velkomnir. Fyrirbænaefnum skal komið á framfæri við sóknarprest.



Starf organista spennandi

Rætt við Svein Arnar Sæmundsson

Sveinn Arnar Sæmundsson tók við starfi organista og kórstjóra hjá Akraneskirkyju 1. ágúst í fyrra. Hann er tæplega þrítugur að aldri, fæddur og uppalinn í Skagafirði. Foreldrar hans eru hjónin Sæmundur Sigurbjörnsson og Þorbjörg Eyhildur Gísladóttir á Syðstu-Grund í Akrahreppi. Hann er næst yngstur 5 systkina.

Arnar hóf píanónám 8 ára og lauk 5. stigi í næstefsta bekk grunnskóla. Þá gerði hann hlé á tónlistarnámi sínu og helgaði sig æfingum og keppni í frjálsum íþróttum enda komu hæfileikar hans snemma í ljós á því sviði, ekki síður en í tónlistinni. Hann varð margfaldur Íslandsmeistari í langstökki og hástökki í sínum aldursflokki en 17 ára varð hann að hætta íþróttaiðkun vegna þráláttra meiðsla.

Ætlaði að verða íþróttakennari

„Hugur minn stefndi á íþróttakennaranám á þessum árum,“ segir Arnar. „Ég var á íþróttabraut í Framhaldsskólanum á Laugum í hálfri annað ár en sneri mér síðan alfarið að tónlistinni þegar ég gat ekki lengur stundað íþróttir. Þarna varð vendipunktur í mínu lífi.“

Arnar stundaði píanónám í nokkra mánuði í Flórens á Ítalíu. Hann var í orgelnámi á Akureyri í 4 ár. Jafnframt lauk hann 8. stigi í einsöng í Tónlistarskólanum á Akureyri og þar lærði hann einnig kórstjórn. Hann söng með Karalakórnum Heimi og Kirkjukór Akureyrar í nokkur ár þegar hann var ekki sjálfur að leika undir í athöfnum.

Arnar er mjög starfssamur að eðlisfari eins og tónlistar- og íþróttasaga hans sýnir glögg. Samhliða tónlistarnámi var hann organisti í Miklabæjarprestakalli í 6 ár, auk þess sem hann kenndi á píanó í Tónlistarskóla Akureyrar. Sömuleiðis var hann afleysingorganisti við Akureyrarkirkju um skeið. Ekki er þó allt upptalið því

hann var með Barna- og unglingakór Akureyrarkirkju í tvo vetur áður en hann fluttist hingað á Akranes, auk þess sem hann stofnaði og stjórnaði Skagfirska kammerkórnum um árabil. Af framansögðu má ljóst vera að Arn-



ar hefur ekki setið auðum höndum fram að þessu.

En hvernig stóð á því að Arnar sótti um starf á Akranesi?

„Mér var bent á að Akraneskirkyja væri að auglýsa eftir organista,“ segir hann. „Ég leit á þetta sem áskorun. Fólk haldi hér aðstæðum og mig langaði til þess að komast í fast aðalstarf. Það er lýjandi til lengdar að vera í mörgum hlutastörfum. Ég þekkti líka dálítið til bæjarins því hér átti ég föðurbróður sem nú er látinn.“

Hvernig kann svo nýi organistinn við sig?

„Mér og fjölskyldu minni hefur verið tekið vel. Fátt hefur komið á óvart að undanskildu því að hér eru ekki margar tenórsöngvarar. Þeir eru til en það á bara eftir að uppgötva þá.“

Kórastarf í uppsveiflu

Frá því að Arnar kom til starfa hefur félögum í kirkjukórnum fjölgað nokkuð. Hann æfir einnig tvo æskulýðskóra sem hann stofnaði sl. haust. Í barnakórnum eru 36 félagar en 16 í ungmennakórnum. Arnar og kona hans, Sigríður Elliðadóttir, sem er söngkennari í Tónlistarskóla Akraness, stjórna bæði Hljóm, kór eldri borgara. Hann segir að þeim finnst sérstaklega gaman að starfa með því fólki og þau hlakki alltaf til æfinganna.

„Mér finnst mjög spennandi að takast á við þau fjölmörgu viðfangsefni sem fylgja starfi organista og kórstjóra,“ segir Arnar. „Það er gaman að fylgjast með framförum kóra og söngfólks og ná settum markmiðum hverju sinni. Ég legg mikinn metnað í starf mitt.“

Í vetur stundar Arnar kantorsnám í orgelleik hjá Herði Áskelssyni í Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann ætlar að reyna að ljúka því námi á næsta ári.

Arnar segir að fjölskyldunni líði vel á Akranesi. Kona hans á tvö börn fyrir, þau Margréti Snæfríði og Hróbjart Trausta, sem hann hefur gengið í föðurstað. Fjölskyldan horfir björtum augum til framtíðar á nýjum stað.

„Ég er mjög ánægður hjá Akraneskirkyju,“ segir Arnar. „Starf organista og kórstjóra er mjög krefjandi – en það er líka bæði fjölbreytilegt og skemmtilegt! Enginn dagur er eins – og mér finnst gott að hafa nóg að gera.“

Að þessum orðum slepptum sláum við botninn í viðtalið og óskum Arnari velfarnaðar í lífi og starfi.



Barnakór Akraneskirkyju.

Biskup Íslands á Akranesi

Biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson, vísiteraði Akranessöfnuð dagana 24. og 25. apríl í fyrra. Þetta er fjórða vísitasía biskups-embættisins á Akranesi á hálfri öld. Ásmundur Guðmundsson kom 1958, Sigurbjörn Einarsson 1969, Ólafur Skúlason 1990, og nú síðast hr. Karl.

Tilgangur biskups með vísitasíu er að kynna fólkinu í söfnuðunum og starfsemi kirkjunnar. Með biskupi í för var eiginkona hans, frú Kristín Guðjónsdóttir. Biskupshjónin heim-sóttu fyrirtæki og stofnanir á Akranesi og var þeim alls staðar mjög vel tekið.

Í veislu sem haldin var biskups-hjónunum til heiðurs í Safnaðarheim-ilinu Vinaminni í lok vísitasíu var eftirfarandi atburður rifjaður upp:

Árið 1863 var deilt um það á Alþingi hvort Akranes fengi löggildingu sem verslunarstaður. Pétur Pétursson, biskup Íslands, sem var konungkjörinn þingmaður og andstæðingur málsins, kastaði þá fram eftirfarandi stöku sem varð þjóðkunn:

Kaupstaður á Skipaskaga skötnum verður helst til boga eftir sér þann dilk mun draga: Drykkjurúta og letimaga.

Mörgum Akurnesingum sveið undan þessari vísu. Skorað var á hr. Karl að bæta fyrir forvera sinn og gefa Akurnesingum nýja umsögn. Biskup þurfti ekki að hugsa sig lengi um. Þá kom þessi staka:

Gott er hér á Skipaskaga skötnum er hér fátt til boga. Biskup fer til heimahaga með hlýju' í sinni og mettan maga!

Þessari vísu var tekið með miklum fögnuði.

Það er mál manna að vísitasía hr. Karls á Akranesi hafi verið afskaplega vel heppnuð og söfnuðinum mikil uppörvun og hvatning. Velvild og hlýja biskupshjónanna skilur eftir sig notalegar minningar.



Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrum ráðherra:

Listin að kunna að lifa – og þakka!

*Hugleiðing flutt í Akranes Kirkju
á uppstigningardag, 24. maí 2002*



Góðir Akurnesingar, kærur kirkju-gestir!

Í dag, þegar við komum hér saman í húsi Guðs, minnumst við þess er Jesús var uppnuminn. Því er lýst með eftirfarandi orðum í Lúkasarguðspjalli, 24. 50-52:

„Síðan fór hann með þá út í nánd við Betaníu, hóf upp hendur sínar og blessaði þá. En það varð, meðan hann var að blessa þá, að hann skildist frá þeim og var upp numinn til himins. En þeir féllu fram og tilbáðu hann og sneru aftur til Jerúsalem með miklum fögnuði.“

Boðskapurinn er alltaf kærkominn eins og morgunsólin sem stráir geislum sínum á dögg á nýjum degi. Boðskapurinn er fyrir okkur öll, stendur okkur öllum til boða, án endurgjalds. Það er eins með boðskapinn og bænina að bænin er okkur öllum opin, þar þurfum við ekki að bíða í röð eftir sambandi, við þurfum ekki að hafa mikinn tíma eða rúm fyrir bænina. Við þurfum ekki að vanda ræðuformið, Guð skilur hugsanir okkar og hann þekkir vonir okkar og væntingar.

Í litlu bænabókinni sem ekki lætur mikið yfir sér – en hefur svo margt gott að geyma – eru þessar línur:

„Drottinn, bæn mín stígur til þín, kærleikur þinn streymir ofan til mín. Ger bæn mína öfluga eins og kærleika þinn.“

Við, sem hér erum, höfum öll þegið gjafir Guðs og bænheyrslu og fyrir það þökkum við.

Dagurinn í dag er helgaður öldruðum. Eftirfarandi er haft eftir breskri konu um fullorðinsárin og þau orð vil ég einnig gera að mínum:

„Að kunna að eldast er hámark viskunnar og einhver erfiðasti kafli

þeirrar listar er að kunna að lifa. Þeim manni hefur farnast vel sem hefur lifað vel, hlegið oft, elskað mikið. Hefur áunnið sér virðingu skynsamra manna og ástir barnanna. Er tilbúinn að yfirgefa veröldina betri en hann kom, hvort sem hann hefur umbætt hana með aukinni ræktun, ágætu skáldverki eða frelsaðri sál. Hefur hvorki skort skyn á fegurð veraldarinnar né látið undir höfuð leggjast að lofa hana. Hefur leitað þess besta í fari annarra og gert sitt ýrasta sjálfur. Hefur lifað svo að líf hans verður öðrum hvatning.“ Svo mörg voru þau orð þessarar bresku konu.

Lífsgildin

Hamingja og friður er það sem allir þrá. Við vitum að hvort sem við erum börn, ungar manneskjur, miðaldra eða fullorðin, er lífið aldrei svo fullkomið í sinni allra bestu mynd að þar falli engir skuggar – og aldrei svo slæmt í sinni verstu mynd að ekki finnist ljós. Það er aldrei einfalt að lifa lífinu og því getum við treyst að aldrei lifum við svo að öllum líki. Það tókst ekki einu sinni frelsaranum. Hann átti sína öfundarmenn og jafnvel hatursmenn. Og vart getum við ætlast til að verða allra yndi þótt við leggjum okkur öll fram.

Börn setja hlutina oft í einfalt ljós. Lítil stúlka fór með ömmu sinni í glæsilega dómkirkju erlendis. Eftir að hafa skoðað glermyndlist í öllum gluggum kirkjunnar spurði hún ömmu sína: „Hverjir eru þessir menn í gluggunum?“ Og amma svaraði: „Þetta eru helgir menn.“ „Já,“ sagði barnið, „nú veit ég að helgir menn eru þeir sem ljósið skín í gegnum.“

Við leitum sífellt að ljósinu og gildi lífsins þó að við eigum það til að fara krókaleiðir að því markmiði. Og hvað er það sem gefur lífinu raunverulegt gildi, raunverulega hamingju og raunverulega lífsfyllingu? Það getur verið lítið blóm á götu þinni, lítið barn í fangi þér, óvænt bros á leið þinni, faðmlag eða einvera í faðmi fallegrar náttúru. Bara það að fá að vakna til nýs dags, nýrra verka, er kraftaverk út af fyrir sig.

Ég vitna oft í afa minn sem var afar bjartsýnn og jákvæður maður. Einhvern tímann, þegar ég kvartaði undan kvíða við hann vegna einhvers lítillræðis sem ég átti að skila daginn eftir, sagði hann: „Ég hef aldrei sofnað svo að kveldi að ég hlakkaði ekki til að vakna að morgni.“ Ekki var það vegna þess að lífsbaráttan var svo létt hjá honum, lífið var vinna og aftur vinna þó að pyngjan yrði aldrei þung.

Ég skildi það svo löngu seinna hvað það var sem gerði afa að hamingjumannni. Hann átti það sem er öðru dýrmætara og það sem mölur og ryð fá ekki eytt: Ást og virðingu samferðamanna sinna! Þegar við eldumst kunnum við sífellt að meta betur fólk sem með jákvæðu hugarfari breytir dimmu í dagsljós og finnum hve jákvætt hugarfar léttir glímuna við erfið verkefni. Hvað glæðvært og skemmtilegt fólk gefur lífinu mikið gildi!

Ég hringdi í vin minn fyrir stuttu síðan, hann hafði lent í miklum hremmingum. Ég vildi vita hvernig hann hefði það. Ég átti von á því að það væri dimmt í ranni.

„Hvað segirðu títt, Siggi minn?“ spurði ég þegar ég innti hann eftir erfiðleikunum. „Mikið gott, mikið gott,“

svaraði hann og bætti síðan við: „Ég get ekki verið að velta mér upp úr því sem ég fæ ekki breytt, það kemur hvorki mér né öðrum að gagni. Að öllum erfiðleikum slepptum er allt gott.“ Og hann meinti þetta!

Þetta fannst mér hetjulega mælt. Auðvitað getum við ekki alltaf verið glöð og sagt allt mikið gott – en ef við reynum að breyta því sem við getum breytt og sætt okkur við það sem við fáum ekki breytt – erum við alltént á réttri leið.

Hvað skiptir raunverulega máli?

Kristin viðhorf og gildi eru undirstaða menningar, löggjafar og siðfræði flestra nútímasamfélaga, þau eru einnig grundvöllur vísinda, fræða og hugsjóna um samabyrgð. Það er nauðsynlegt í nútímasamfélagi og nútímataækni að grundvöllurinn liggja í kristnum viðhorfum og kristnum gildum. Í dagsins önn áttum við okkur kannski ekki alltaf á því hve hin kristnu gildi hafa mikil áhrif. Móta og marka tilveru okkar, hugmyndir, siðferði og framkomu. Þótt við séum upptekin af tækni og efnishyggi nútímans þá er það nú þannig að þegar við gefum okkur stund til þess að íhuga hvað raunverulega skiptir máli í lífinu, þá er þar efnishyggi tækniþjóðfélagsins ekki efst á blaði. Þá áttum við okkur á hvað er kjarninn og hvað er hismið.

Ég er sannfærð um að kjarninn sé í raun og veru sá að við eigum ekkert sem skiptir máli nema það sem við gefum öðrum. Hvað er vinskapur án trygðar? Hjónaband án trúfestu? Barnaupveldi án ástar, blóm án vatns?

Til að ná góðu dagsverki þurfum við að leggja á okkur vinnu. Sem sagt, til að eignast þurfum við að gefa, gefa af okkur sjálfum. Öll höfum við eitthvað að gefa og öll höfum við hlutverk í lífinu, þau geta verið mörg og mismunandi.

Þótt þér finnist eitt hlutverk mikilvægara en annað er þetta raunverulega ein keðja þar sem hver hlekkur skiptir máli.

Það var verkefni Jesú að boða fögnuð, lækna og líkna. Í boðskap kristinnar er lækningin og líknin rauði þráðurinn. Í hinni helgu bók kemur lækningin og umhyggjan víða fyrir.

Það eru mikilvægustu verkefni vestrænna samfélaga í dag hvernig við getum betur aðstoðað þá sem þurfa á mestu aðstoð samfélagsins að halda, hvernig við getum gefið okkar minnstu bræðrum nýja von, nýja trú og betra líf. Verum minnug þess sem Jesús sagði:

„Það allt sem þér gjörðuð ekki einum hinna minnstu bræðra minna, það hafið þér ekki heldur gjört mér.“ (Mt. 25.40).

Ég vann fyrir mörgum árum á sjúkradeild þar sem mjög veikt aldrað fólk lá. Eins og gengur var starfsfólkið mismunandi þolinmótt og þá var mikilvægt að minna sig á hvernig við viljum að komið sé fram við okkar nánustu aðstandendur af þolinmæði og virðingu.

Ljóð eftir Davíð Stefánsson sem heitir: Ef sérð þú gamla konu – segir allt sem segja þarf í þessu samhengi:

*Ef sérð þú gamla konu, þá minnstu móður þinnar,
sem mildast átti hjartað og þyngstu störfín vann
og förnaði þér kröftum og fegurð æsku sinnar
og fræddi þig um lífið og gerði úr þér mann.*

*Þú veist, að gömul kona var ung og fögur forðum,
og fátækasta ekkjan gaf drottnei sínum mest.
Ó sýndu henni vinsemd í verki og orðum,
sú virðing sámir henni og móður þinni best.*

*Því aðeins færð þú heiðrað og metið þína móður,
að minning hennar verði þér alltaf hrein og skýr,
og veki hjá þér löngun til að vera öðrum góður
og vaxa inn í himin – þar sem kærleikurinn býr.*

Mörg okkar íslensku skálda hafa gefið okkur tóninn, hreina tóninn, og hjálpað okkur til þess að setja hlutina

í rétt samhengi, hjálpað okkur til þess að sjá fegurðina í umhverfinu.

Já, ég sagði hér áðan að það er mikilvægt að geta horft til baka, hafa elskað mikið og hlegið dátt – og ekki síst að hafa verið elskaður af börnum. Til þess að njóta þeirra lystisemda þurfum við að gefa ofurlítið af okkur sjálfum.

Að vera aldraður er ein af gjöfum Guðs, að hafa fengið tækifæri til þess að leggja hönd á plóginn, að hafa séð börnin vaxa úr grasi, séð lágvaxinn gróður verða að skógi, öðlast visku af löngum degi og hafa með þolgæði þolað bæði súrt og sætt, getað horft yfir farinn veg og notið góðs dagsverks.

Í þessa kirkju eigum við erindi á stærstu tímamótum lífs okkar. Hingað sækjum við fögnuð, hingað sækjum við huggun.

Trúin er okkar haldreipi. Fyrir þetta allt er gott að þakka í kirkjunni

okkar, sem tekur á móti okkur með opinn faðminn, þegar við leitum til hennar.

Fjarnám á netinu


Einstöku sinnum eru fermd ungmennti í Akraneskirkju sem ekki eiga þess kost að fermast með hópum að vori, t.d. vegna búsetu í útlöndum.

Þannig var um þessi tvö á síðasta ári. Atli Guðjónsson fermdist 8. júní. Foreldrar hans eru Guðjón Þórðarson og Hrönn Jónsdóttir. Þau eiga heima í Englandi. Hanna María Guðbjartsdóttir fermdist 24. nóvember. Foreldrar hennar eru Guðbjartur Hannesson og Sigrún Ásmundsdóttir. Þau dvöldust í Englandi í fyrravetur.

Bæði þessi ungmennti stunduðu



Atli.



Hanna María.

fjarnám á netinu meðan á „skírnaruppfræðslunni“ stóð – eins og fermingarundirbúningurinn heitir öðru nafni. Öll samskipti þeirra og prestsins – á meðan þau dvöldust ytra – fóru fram á netinu!

Einar Jón Ólafsson:

Æskan á ætíð sín draumalönd

Ræða flutt í Akraneskirky 12. maí 2002



Sóknarprestur, kæru fermingar-systkin og aðrir kirkjugestir.

Það var stór stund sem við fermingarsystkinin hvert og eitt áttum hér í þessari okkar kæru kirkju, Akraneskirky, sunnudaginn 18. maí 1952. Þessa dags hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Undirbúningur fermingarinnar, fermingarfræðslan, hafði staðið um margra mánaða skeið og allir voru orðnir vel lesnir í Veginum en svo hét bók sú er fermingarfræðslan byggði á og þeir sálmar og bænir sem kunna þurfti utanbókar höfðu verið samviskusamlega lærð.

Stóra stundin var nú runnin upp og á þessum fagra vordegi mættum við fermingarbörnin viðhafnarklædd til athafnarinnar, sum að morgninum og sum eftir hádegi. Stúlkurnar í hvítum síðum kjólum sem mikil vinna hafði verið lögð í, kjólum sem hver og einn var að sínu leyti listaverk og bar vott um hin vönduðu vinnubrögð og þá alúð sem mæður þeirra og aðrar saumakonur höfðu lagt í verkið, oft við erfiðar aðstæður, og erfiða efnisútegun á skómmuntunartímum sem þá voru.

Drengirnir voru í dökkum fötum og hvítum skyrtum með hvítar þverslaufur, fót sem sérstaklega höfðu verið keypt eða saumuð á þá fyrir

ferminguna. Þetta voru fermingarfötin fyrir daga fermingarkyrtilanna. Allir komu með Nýjateamentin sín en sóknarpresturinn okkar, sá mikli mannvinnur og ástríki lærifaðir, hafði ritað framan við titilblað hinnar helgu bókar nafn eiganda hvers eintaks ásamt ritningarorðum sem hver og einn hafði áður dregið af handahófi úr fjölda slíkra ritningargreina og sem fylgja áttu viðkomandi út í lífið og vera hans einkunnarorð og leiðarljós á framtíðarvegi. Þá voru enn fremur rituð í hina helgu bók blessunarorðin frá sóknarprestinum, þau fögru orð, Guði falinn. Undirbúningur fermingarinnar og sú mikla umhyggja og ástúð sem allir fundu frá sóknarprestinum okkar mynduðu svo fagra og svo hlýja umgjörð um þennan atburð í lífi okkar að fermingin sem slík markaði ef til vill dýpri spor í líf okkar og lífsviðhorf en nokkur annar atburður fyrr og síðar.

Þessi dagur var svo sannarlega sá merkasti sem við höfðum upplifað og var í raun upphaf göngu okkar á vit fullorðinsáranna, hins óskrifada blaðs þeirra framtíðarvæntinga sem enginn gat vitað hvert myndi leiða. Hann var í raun vorið í lífi okkar og tilveru.

Við vorum 51 fermingarbörnin þetta vor, 26 stúlkur og 25 drengir. Í dag er þessi hópur verulega fámennari. Við höfum orðið að sjá á bak 7 góðum drengjum og 2 góðum stúlkum yfir móðuna miklu. Allt saman mikið mannkostafólk, gætt góðum hæfileikum hvert á sínu sviði og höfðu öll komið miklu góðu til leiðar á lífs-göngu sinni. En þannig er nú lífið að okkur er ekki öllum sköpuð jafnlöng stund í þessu jarðlífi og við sem eftir lifum drúpum höfði í einlægri þökk fyrir að hafa átt allt þetta góða fólk að

vinum og samferðamönnum. Ég leyfi mér hér að lesa upp nöfn hinna látnu en þau voru: Guðmundur Guðmundsson, Gísli Friðriksson, Hallbjörn Sigurðsson, Huldar Smári Ásmundsson, Halldóra Lárusdóttir, Sigurbjörn Jónsson, Sigurður Hannesson, Sigurgeir Sveinsson og Vilhelmina Elísdóttir. Ég bið góðan Guð að blessa minningu þeirra allra.

Bjart yfir bernskuárum

Það voru ljúfir dagar sem við áttum á uppvaxtarárum okkar hér á Akranesi. Tíminn leið við leiki, nám og vinnu. Við vorum svo gæfusöm að búa í þessum yndislega bæ og fá að vera þátttakendur í öllu því sem var að gerast í vaxandi bæ þar sem allar hendur höfðu verk að vinna. Leikir barnanna tóku mið af störfum fullorðna fólksins og ekki var hann hár aldurinn þegar við fengum verk að vinna við hlið hinna fullorðna á hinum ýmsu vinnustöðum. Allt um kring voru svo fjaran, fjallið, fegurðin og framtíðarvonirnar. Aldurinn og tíminn voru þá svo afstæðar stærðir. Við fundum okkur í raun eldri en við vorum og tilbúin til afreka hvert á sínu sviði. Þá fannst okkur í huganum langt um liðið frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar þó að árið 1952 væru aðeins liðin 7 ár frá þeim tíma, 8 ár voru þá liðin frá stofnun íslenska lýðveldisins og 10 ár frá því bærinn okkar Akranes hlaut kaupstaðarréttindi.

Í dag finnst okkur ekki langur tími liðinn frá fermingardeginum okkar fyrir 50 árum. Þessi ár hafa liðið sem ein sjónhending og við sjáum þó alla hluti hafa breyst í kringum okkur. Það

„Vertu trúr allt til dauða, og Guð mun gefa þér kórónu lífsins“

(Op. Jóh. 2.10)

er aðeins eitt sem afar lítið hefur breyst og það erum við sjálf. Það upplífið ég og við mörg okkar nú fyrir fáum dögum er við nutum dásamlegra daga saman á ferðalagi til Búdapest í Ungverjalandi. Allt var sem áður og vináttan sem varð til á æskudögum sú sama, trausta og tryggja, og á æskudögum áður. Hið sama á við um ykkur öll, hvar sem við hittumst erum við öll sem fyrrum einlægir vinir og bundin tryggðaböndum. Við höfum lítið breyst hið ytra en vissulega þroskast og vonandi orðið betra fólk með árunum fyrir tilverknað þess góða boðskapar sem við játuðumst með fermingunni og sem aðeins laðar fram það besta í hverjum og einum. Það er og verður gæfa hvers manns að standa við það heiti að hafa Jesú Krist að leiðtoga lífs síns og með fermingunni að staðfesta skírnarheiti foreldra sinna.

Lífið hefur farið um okkur flest mjúkum höndum. Margir hafa þó orðið fyrir mikilli og erfiðri lífsreynslu en birtan og gleðilegu stundirnar eru óteljandi. Flestir hafa eignast góð heimili, maka, börn og barnabörn, hafa haft góða heilsu og getað unnið að hinum margvíslegustu verkefnum og yfirhöfuð reynst mætir borgarar og nýtir þjóðfélagsþegnar. Hver og einn

getur litið í eigin barm og séð að gengið hefur verið til góðs götuna fram eftir veg. Það hefur því reynst farsælt veganestið sem við fengum út í lífið er við okkur var sagt á fermingardaginn: Jesús sagði: „Vertu trúr allt til dauða, og ég mun gefa þér kórónu lífsins.“

Gæðadrengur og menningarfrömuður

Mér þykir við hæfi að víkja hér nokkrum orðum að sóknarprestinum okkar, séra Jóni M. Guðjónssyni, sem fermdi okkur. Hann var slíkur gæðadrengur í allri umgengni við okkur og sóknarbörn sín að vandfundinn mun annar slíkur. Okkur þótti öllum einstaklega vænt um hann og stöndum í mikilli þakkarskuld við hann fyrir alla uppfræðsluna og manngæskuna sem hann sýndi okkur. Hann var auk sinna prestsstarfa ötull menningarfrömuður í þessum bæ og listfengi hans og hugmyndauðgi viðbruggið. Meðal verka hans og baráttumála voru byggðasafnið að Görðum og varðveisla minja frá liðinni tíð, sem tengdust sögu þessa bæjar. Þá var sjómennskan og hafið hugðarefni hans og var hann hugmyndasmiður þess að styttn sem þið öll þekkið af sjómanninum var sett

upp á Akratorgi. Hún er veglegt minnismerki um lífið á Akranesi í gegnum árin sem svo mjög hefur verið tengt sjónum. Við fermingarbörnin frá 1952 höfum ákveðið að gefa litla afsteypu af þessari styttnu, þessu baráttumáli séra Jóns, til varðveislu á skrifborðinu hans sem stendur enn á hinu gamla heimili hans á Kirkjuhvoli, sem nú er listasetur rekið af minningarsjóði séra Jóns M. Guðjónssonar. Þessi táknræna gjöf verður afhent þangað og fylgja henni einlægir þakkir okkar allra fyrir leiðsögnina út í lífið. Á styttnunni er lítil plata sem á stendur: Fermingarbörn séra Jóns M. Guðjónssonar, 1952 – 50 ár – 2002.

Elskulegu fermingarsystkin: Til hamingju með 50 ára fermingarafmælið! Minnumst þess að æskan á ætíð sín draumalönd. Leið okkar allra hefur með ýmsum hætti legið um þau og æskudraumarnir margir ræst. Höldum í þau draumalönd sem lengst og berum boðskap hins Hæsta áfram til samferðamannanna svo sem foreldrar okkar og síðar við sjálf hétum við skírn okkar og fermingu.

Akranesi og Akranes Kirkju biðjum við Guðs blessunar. Megi ykkur öllum vel vegna og hamingjan fylgja ykkur hverja stund.

Góðir gestir

Á hverju ári koma nokkrir góðir gestir af stór-Reykjavíkursvæðinu til að flytja fyrirlestra, leiða námskeið eða skemmta fólki í félagsstarfi Akranes Kirkju. Sex komu í fyrra.

Í apríl skemmti hinn vinsæli dægurlagasöngvari, Ragnar Bjarnason, eldri borgurum í opnu húsi. Sr. Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfirði, hélt „jákvætt námskeið um hjónaband og sambúð“ í október og var það vel sótt. Róbert Arnfinnsson, einn ástsælasti leikari þjóðarinnar, kom í nóvember og las kafla úr Dagbók Högna Jónmundar eftir Harald Á. Sigurðsson með tilþrifum í félagsstarfi eldri borgara.

Sr. Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur og stundakennari í sálgæslu við guðfræðideild Háskólans, flutti fyrirlestur um sorg og sorgarviðbrögð, einnig í nóvember. Í sama mánuði var Birna Hjaltadóttir, Skagakona, gestur í opnu húsi hjá eldri borgurum og sagði hún frá áralangri dvöl fjölskyldu sinnar í Kuwait. Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, forvarnafulltrúi Tollgæslunnar, talaði við fermingarbörnin á aðventunni og með honum í för var Bassi, einn „klárasti“ fíkniefnahundur landsins. – Öllum þessum gestum var mjög vel tekið!



Ragnar Bjarnason.



Sr. Sigfinnur Þorleifsson.



Róbert Arnfinnsson.



Birna Hjaltadóttir.

Hjónavígslur í Garðaprestakalli 2002

13. apríl: Gísli Eyleifsson og Rúna Björk Smáradóttir, Laufengi 25, Reykjavík.
 27. apríl: Steinar Berg Sævarsson og Vilborg Helga Kristinsdóttir, Jörundarholti 36.
 18. maí: Aðalsteinn Davíð Jóhannsson og Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir, Akurgerði 11.
 18. maí: Sigurjón Örn Stefánsson og Bryndís Böðvarsdóttir, Skarðsbraut 5.
 22. maí: Guðmundur Kristján Sigurbjörnsson og Ásta Björk Arngrímsdóttir, Vallholti 15.
 1. júní: Alfred Freyr Karlsson og Valdís Kvaran, Heiðarbraut 34.
 20. júlí: Ómar Rögnvaldsson og Elín Ragna Þorsteinsdóttir, Sjávargrund 11a, Garðabæ.
 20. júlí: Gunnar Haukur Kristinsson og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Víðigrund 12.
 10. ágúst: Bjarni Gunnarsson og Anna Lára Steindal, Lindargötu 54, Reykjavík.
 10. ágúst: Gunnar Rúnar Gunnarsson og Marta Ester Einarsdóttir, Grenigrund 43.
 17. ágúst: Einar Viðarsson og Kristín Sveinsdóttir, Háholti 32.
 24. ágúst: Ólafur Geir Óskarsson og Bergþóra Björk Jóhannsdóttir, Skerðingsstöðum, Hvammssveit, Dalasýslu.
 24. ágúst: Sigurður Sævarsson og Ásdís Líndal Finnbogadóttir, Englandi.
 31. ágúst: Valur Þór Einarsson og Helga Pálsdóttir, Vesturgötu 10.
 3. sept.: Guðlaugur Elís Jónsson og Guðríður Dóra Árnadóttir, Vallarbraut 17.
 21. sept.: Brynjar Sigurðsson og Aldís Aðalsteinsdóttir, Vesturgötu 59.
 1. okt.: Snorri Þór Ómarsson og Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Sunnubraut 15.
 9. nóv.: Ragnar Fjalar Þrastarson og Ingibjörg Indriðadóttir, Gullengi 9, Reykjavík.
 25. des.: Haraldur Valtýr Haraldsson og Hrönn Hafliðadóttir, Jörundarholti 139.
 28. des.: Guðsteinn Júlíus Ágústsson og Jóhanna Soffía Símonardóttir, Einigrund 5.

Frábær árangur í söfnunarátaki!

Fermingarbörn á Akranesi tóku þátt í landssöfnun til styrktar fátæku fólki í Eþíópíu í nóvember í fyrra. Alls söfnuðust 261 þús. kr. – en á landinu öllu tæpar 4 milljónir króna. Tilgangurinn með söfnuninni var m.a. sá að safna fyrir vatnsbrunnunum – en fjöldi manns í Eþíópíu þarf að ganga langa vegu daglega til að afla vatns. Hver brunnur með uppsetningu kostar 90 þús. kr. Einn brunnur getur séð 1000 manns fyrir hreinu vatni – alla ævi! Fyrir þá upp-




hæð sem safnaðist á Akranesi má kaupa 3 slíka brunna!

Fermingarbörnin á Akranesi lögðu hart að sér í söfnuninni og létu ausandi rigningu ekki aftra sér frá því að ganga í hús í göfugum tilgangi! Á eftir fengu allir pítsu og kók! – Þessar myndir voru teknar þetta kvöld.

Skipt um kirkjuturn

Þessar einstöku myndir voru teknar þegar skipt var um kirkjuturn 28. maí í fyrra. Burðarviður gamla turnsins var orðinn fúinn í gegn og öll klæðning og frágangslistar ónýtir. Þess vegna var ráðist í þessa framkvæmd. Trésmiðjan Akur smíðaði nýja turninn og var öll sú vinna mjög vönduð. Næsta sumar verður kirkjan máluð að utan.





*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 7. apríl 2002 kl. 10:30.
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.*



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 7. apríl 2002 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 14. apríl 2002 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 14. apríl 2002 kl. 14.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 21. apríl 2002 kl. 10:30.



Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 21. apríl 2002 kl. 14.

Fermingarbörn á Akranesi 2003

Sunnudagur 30. mars, kl. 10.30

Andri Már Marteinsson, Einigrund 18.
(For.: Guðrún G. Sigurbjörnsdóttir og Marteinn Einarsson)

Elvar Már Sigurðsson, Skólabraut 25.
(For.: Anna Sigfríður Reynisdóttir og Sigurður Steinarr Þórisson. Fósturf.: Helgi Ólafur Jakobsson)

Eva Björk Pétursdóttir, Leynisbraut 1.
(For.: Pétur Þór Lárusson og Kristín Bergþórsdóttir)

Eva Kristín Elvardsdóttir, Leynisbraut 31.
(For.: Jóhanna Heiður Gestsdóttir og Elfar Þór Jósefsson)

Freyja Þóll Smáradóttir, Viðigrund 10.
(For.: Ólöf Guðmundsdóttir og Smári Njálsson)

Freyr Karlsson, Espigrund 11.
(For.: Elín Káradóttir og Karl Sigurgeirsson)

Guðrún Birna Ásgeirsdóttir, Vesturgötu 154.
(For.: Kristín Frímannsdóttir og Ásgeir Haraldsson. Fósturf.: Ásgeir V. Hlinason)

Ísleifur Örn Guðmundsson, Jörundarholti 228.
(For.: Guðmundur Skúlason og Guðrún Ísleifsdóttir)

Lána Guðrún Guðgeirsdóttir, Jörundarholti 12.
(For.: Kristín Ármannsdóttir og Guðgeir Svavarsson)

Lena Gunnlaugsdóttir, Hjarðarholti 14.
(For.: Kristín Aðalsteinsdóttir og Gunnlaugur Lárus Magnússon (†))

Ríkka Emília Böðvardsdóttir, Jörundarholti 29.
(For.: Jónína Ríkka Steinþórsdóttir og Böðvar Ingvason)

Rögnvaldur Geir Hannah, Heiðarbraut 43.
(For.: Svandís Rögnvaldsdóttir og Guðmundur B. Hannah)

Sunnudagur 30. mars, kl. 14

Arnar Jónsson, Skarðsbraut 17.
(For.: Elín Ingibjörg Daðadóttir og Jón Brynjólfur Ólafsson)

Bergur Línal Guðnason, Skólabraut 20.
(For.: Lilja Línal Aðalsteinsdóttir og Guðni Hannesson)

Birgitta Pura Birgisdóttir, Bárugötu 20a.
(For.: Auður Hallgrímsdóttir og Birgir Arnar Birgisson)

Elín Carstensdóttir, Brekkubraut 6.
(For.: Bryndís Bragadóttir og Carsten Jón Kristinsson)

Eva Dögg Héðinsdóttir, Vesturgötu 147.
(For.: Guðlaug Ásmundsdóttir og Héðinn Ólafsson. Fósturf.: Elínborg Lárusdóttir og Birgir Snæfeld Björnsson)

Eva Sigurbjörg Þorkeldsdóttir, Vogabraut 1.
(For.: Þorkell Logi Steinsson og Eydís Aðalbjörnsdóttir)

Gréta Björg Björnsdóttir, Furugrund 13.
(For.: Margrét Jóhannsdóttir og Björn Björgvin Jónsson)

Guðmundur Böðvar Guðjónsson, Vesturgötu 134.
(For.: Ingibjörg Sigurðardóttir og Guðjón Kristjánsson)

Haraldur Haraldsson, Vesturgötu 32.
(For.: Haraldur Sturlaugsson og Ingibjörg Pálmadóttir)

Marías Þór Skúlason, Jörundarholti 28.
(For.: Áslaug Maríasdóttir og Skúli Lýðsson)

Páll Straumberg Guðsteinsson, Jörundarholti 124.
(For.: Pálína Straumberg Pálsdóttir og Guðsteinn Oddsson)

Ragnheiður Smáradóttir, Lerkigrund 4.
(For.: Guðbjörg Nielsdóttir Hansen og Smári Hrafn Jónsson)

Róbert Þór Henn, Garðabraut 18.
(For.: Laufey Sigurðardóttir og Michael Edward Henn)

Steinar Dór Önundarson, Jaðarsbraut 9.
(Móðir: Ingigerður Guðmundsdóttir. Fósturf.: Gissur Bachmann Bjarnason)

Þórey Hólm Heimisdóttir, Einigrund 11.
(For.: Heimir Hallsson og Sigþóra Ævardsdóttir)

Sunnudagur 6. apríl, kl. 10.30

Anna Hallgrímsdóttir Kvaran, Hjarðarholti 16.
(For.: Helga Margrét Arnardóttir og Hallgrímur Gíslason Kvaran. Fósturf.: Helgi Hauksson)

Hölmfríður Magnúsdóttir, Kirkjubraut 1.
(For.: Guðrún Jóhannsdóttir og Magnús Vagn Benediktsson)

Hulda Björk Einarsdóttir, Vesturgötu 139.
(For.: Einar Pétur Bjargmundsson og Erla Signý Lúðvíksdóttir)

Kolbrún Júlía Óladóttir, Jörundarholti 136.
(For.: Guðrún Sigríður Sveinsdóttir og Óli Þór Heiðarsson)

Kristín Sandra Karlsdóttir, Furugrund 36.
(For.: Guðrún B. Alfreðsdóttir og Karl Sigurjónsson)

Leifur Ingi Magnússon, Bjarkargrund 9.
(For.: Magnús Sverrisson og Christine Devalden)

Lisbet Sigurðardóttir, Garðabraut 22.
(For.: Valdís Ragnheiður Jakobsdóttir og Sigurður Einarsson)

Ólöf Vala Schram, Höfðabraut 6.
(For.: Daðey Þóra Ólafsdóttir og Ólafur Stefán Schram)

Róbert Ketilsson, Háteigi 16.
(For.: Ingibjörg Finnbogadóttir og Ketill Már Björnsson)

Rut Hallgrímsdóttir, Suðurgötu 103.
(For.: Sólveig Rögnvaldsdóttir og Hallgrímur Agnar Jónsson. Fósturf.: Snæbjörn Erlendsson)

Sindri Sigurðarson, Krókatúni 12.
(For.: Sigurður Már Jónsson og Sigríður Hallgrímsdóttir)

Smári Öfjörð Jóhannesson, Vallholti 21.
(For.: Valdís Sigrún Valbergisdóttir og Jóhannes Snorrason)

Una Harðardóttir, Sunnubraut 12.
(For.: Guðrún Margrét Jónsdóttir og Hörður Ragnarsson)

Sunnudagur 6. apríl, kl. 14

Alma Rut Sukanya Albertsdóttir, Vesturgötu 47.
(For.: Alfa Ágústa Pálsdóttir og Albert Þórðarson. Fósturf.: Hverar Gunnarsson)

Ásmundur Jónsson, Jaðarsbraut 5.
(For.: Guðrún Margrét Halldórsdóttir og Jón Óskar Ásmundsson)

Guðmundur Freyr Hallgrímsson, Leynisbraut 33.
(For.: Drífa Gústafsdóttir og Hallgrímur Guðmundsson. Fósturf.: Guðlaugur I. Maríasson)

Ingólfur Eðvarðsson, Laugarbraut 3.

(For.: Bryndís Sigurjónsdóttir og Eðvarð Ingólfsson)

Jóhanna Sigrún Andrésdóttir, Laugarbraut 13.

(For.: Helga S. Pétursdóttir og Andrés Haukur Friðriksson (†).

Fósturf.: Vilhjálmur Gunnarsson)

Jón Haukur Sigurðarson, Suðurgötu 42.

(For.: Sigríður Helga Einarsdóttir og Sigurður Kristjánsson.

Fósturf.: Halldór Ingi Ólafsson)

Magnús Ingimarsson, Jörundarholti 160.

(For.: Brynja Helgadóttir og Ingimar Magnússon)

Sara Björk Þorsteinsdóttir, Reynigrund 8.

(For.: Eydis Rut Gunnarsd. og Hörður Þorsteinn Benónýsson)

Sigurður Ingi Grétarsson, Jörundarholti 130.

(For.: Selma Sigurðardóttir og Grétar Már Ómarsson.

Fósturf.: Þorvaldur Sveinsson)

Tómas Ævar Ólafsson, Jörundarholti 44.

(For.: Kristín Svafa Tómasdóttir og Ólafur Rúnar Björnsson)

Valdís Þóra Jónsdóttir, Jörundarholti 116.

(For.: Pálína Alfreðsdóttir og Jón Smári Svavarsson)

Sunnudagur 13. apríl, kl. 10.30

Ágúst Júlíusson, Suðurgötu 71.

(For.: Fanney Björnsdóttir og Júlíus Víðir Guðnason)

Ásgerður Hlynisdóttir, Sandabraut 2.

(For.: Ragnheiður Ásgeirsdóttir og Hlynur Sigurdórsson)

Bergþór Viðarsson, Brekkubraut 18.

(For.: Fjóla Ásgeirsdóttir og Viðar Svavarsson)

Birgitta Ósk Tómasdóttir, Heiðarbraut 51.

(For.: Marta Sigurðardóttir og Tómas Sigurðsson)

Björn Breiðfjörð Gíslason, Suðurgötu 88.

(For.: Jörunn N. Sigtryggsdóttir og Gísli Breiðfjörð Árnason)

Egill Arason, Heiðarbraut 58.

(For.: Jóhanna Fjóla Jóhannsdóttir og Ari J. Jóhannesson)

Hrafnkell Allan Sigurbjörnsson, Jörundarholti 13.

(For.: Sesselja Laufey Allansdóttir og Sigurbjörn Hafsteinsson)

Jónas Gunnar Antonsson, Vesturgötu 40.

(For.: Erna Björk Markúsdóttir og Anton Sigurður Agnarsson)

Júliana Svanhvít Andrésdóttir, Stekkjarholti 7.

(For.: Súsanna Ernudóttir og Andrés Magnússon)

Kristín Anna Erlingsdóttir, Laugarbraut 17.

(For.: Þóra Gunnarsdóttir og Erlingur Smári Rafnsson)

Stefán Valentínsson, Reynigrund 26.

(For.: Halldóra Jónsdóttir og Valentínus Ólason)

Steinþóra Guðrún Þórisdóttir, Jörundarholti 122.

(For.: Barbara Guðrún Davis og Þórir Guðnason)

Tómas Árnason, Presthúsabraut 34.

(For.: Svanborg Bergmannsdóttir og Árni Tómasson.

Fósturf.: Heimir Kristjánsson)

Vilborg Lárusdóttir, Vogabraut 36.

(For.: Lárus Þór Ólafsson og Valgerður Sveinbjörnsdóttir)

Vilhjálmur Rúnar Vilhjálmsón, Lerkgrund 6.

(For.: Þórhildur Björg Þórisdóttir og Vilhjálmur E. Birgisson)

Ylfa Flosadóttir, Jörundarholti 232.

(For.: Katla Hallsdóttir og Flosi Einarsson)

Sunnudagur 13. apríl, kl. 14

Aníta Lís Svansdóttir, Höfðabraut 5.

(For.: Ragna Hannesdóttir og Svanur P. Hilmarsson.

Fósturf.: Valdimar Magnússon)

Bára Kristbjörg Rúnarsdóttir, Steinkoti 4, Bifróst.

(For.: Brynja Kristbjörg Jósefsdóttir og Rúnar Þór Óskarsson)

Birkir Guðmundarson, Esjubraut 15.

(For.: Rannveig Sigurjónsdóttir og Guðmundur Ólafsson.

Fósturf.: Bergsteinn Metúsalemsson)

Birna Rún Ragnarsdóttir, Suðurgötu 62b.

(For.: Gróa Herdís Ingvarsdóttir og Ragnar Eyþórsson)

Dagný Björt Dagsdóttir, Vesturgötu 142.

(For.: Gerður Gunnarsdóttir og Dagur Grímur Ingvason.

Fósturf.: Gylfi Ægisson)

Erla Dröfn Kristjánsdóttir, Reynigrund 5.

(For.: Þórhildur Þorsteinsdóttir og Kristján S. Guðnason.

Fósturf.: Rúnar Hreggviðsson)

Ester Björk Magnúsdóttir, Deildartúni 10.

(For.: Magnús Magnússon og Guðbjörg R. Ásgeirsdóttir)

Eva Rós Karlsdóttir, Garðabraut 45.

(For.: Birna Dís Björnsdóttir og Magnús Karl Danielsson)

Jóhann Aðalsteinn Árnason, Vesturgötu 144.

(For.: Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir og Árni Aðalsteinnsson)

Jóhanna Gísladóttir, Jörundarholti 2.

(For.: Ingibjörg G. Sigurvaldadóttir og Gísli S. Reimars-

son (†). Fósturf.: Kristján Heiðar Baldursson)

Katrín Björk Þórhallsdóttir, Brekkubraut 23.

(For.: Ólöf Linda Ólafsdóttir og Þórhallur Mátsson.

Fósturf.: Eiríkur Vignisson)

Marianne Sigurðardóttir, Laugarbraut 12.

(For.: Barbro Elísabeth Glad og Sigurður Sigurðsson)

Ornella Kristín K. Thelmadóttir, Kirkjubraut 4.

(Móðir: Thelma Jóna Björnsdóttir. Fósturf.: Einar Pálmi

Árnason)

Petra Rán Jóhannsdóttir, Esjubraut 18.

(For.: Þuríður Björnsdóttir og Jóhann Magnússon.

Fósturf.: Björgvin Steinar Valdemarsson)

Sigurður Bachmann Sigurðsson, Vesturgötu 61.

(For.: Sigríður Arnórsd. og Sigurður Bachmann Sólbergsson)

Sveinn Þórir Björnsson, Sunnuþbraut 5.

(For.: Björn Grétar Þorsteinsson og Áslaug Sveinsdóttir)

Thelma Ýr Gylfadóttir, Ásabraut 9.

(For.: Áslaug Róbertsdóttir og Gylfi Már Karlsson.

Fósturf.: Sigurður M. Steinþórsson)

Sunnudagur 18. maí, kl. 11

Eva Laufey Kjaran, Jörundarholti 13.

(For.: Sigurrós Allansdóttir og Hermann Gunnarsson.

Fósturf.: Steindór Óli Ólason)

Sunnudagur 29. júní, kl. 11

Bryndís Ottesen, Jörundarholti 46.

(For.: Þóra Jónsdóttir og Pétur Ottesen.

Fósturf.: Machiel Van den Berg)



Fermingar- námskeið í Skálholti



Fermingarbörn á Akranesi fóru eins og endranær á fermingarnámskeið í Skálholti í fyrrahaust. Þessar ferðir hafa alltaf þótt bæði spennandi og skemmtilegar! Farið var í tveim hópum og var um dagsferð að ræða að þessu sinni.

Í Skálholti var boðið upp á áhuga-verða dagskrá. Helga Arnardóttir leikona hélt m.a. námskeið í sjálfsstyrkingu og kenndi leikræna tjáningu. Örn Arnarson tónlistarmaður lék á gítar og stjórnaði fjöldasöng. Farið var í skoðunarferð um Skálholtssvæðið og síðdegis var haldin stutt guðsþjónusta í Skálholtsdómkirkju sem fermingarbörnin sjálf stóðu að.



Félagsstarf eldri borgara vel sótt

Félagsstarf eldri borgara í Akranessöfnuði hefur verið vel sótt í vetur líkt og í fyrra. Það er annan hvern fimmtudag í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Félagsvist eða bingó er á fyrri hluta samkomunnar en síðan létt dagskrá í tali og tónum. 50 til 80 manns mæta að meðaltali.

Margir góðir gestir hafa litið inn í vetur til að skemmta eldra fólkinu. Indriði Valdimarsson hefur haldið utan um þetta félagsstarf af hálfu kirkjunnar. Honum til fulltingis hafa verið hjónin Margrét Guðbrandsdóttir og Guðmundur Sveinsson. Organistinn leikur undir í fjöldasöng. Allir eru velkomnir í þessar samverur.



Hjónin Guðmundur og Margrét.



Hljómur – kór eldri borgara – söng í einni samverunni í vetur.



Í vetur var m.a. sýndur klæðnaður fólks í Mið austurlöndum. Birna Hjaltadóttir, sem eitt sinn átti heima í Kuwait, fékk fermingarbörn til að sýna þessar flikur.